

# JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 121

Október 2011

## *Fréttabréf*



*Gunnar Hjaltason*

## HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 18. október 2011 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Gosið í Grímsvötnum síðastliðið vor,  
Magnús Tumi Guðmundsson.

Myndasýning: Skálasníðar í Jökulheimum í máli og myndum,  
Guðbjörn Þórðarson.

## HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 18. október 2011 kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Á fundinum flytur Magnús Tumi Guðmundsson erindi um gosið í Grímsvötnum síðastliðið vor en að loknu kaffihléi segir Guðbjörn Þórðarson formaður skálanefndar frá skálasmiðum í Jökulheimum.

### GOSIÐ Í GRÍMSVÖTNUM SÍÐASTLIÐIÐ VOR

Gosið í Grímsvötnum sem hófst 21. maí síðastliðinn var það stærsta sem þar hefur orðið síðan 1873 og um tífalt stærra en gosið 2004. Vísindamenn höfðu búist við gosi í nokkurn tíma, því mælingar á landrasi á Eystri Svíahnjúk sýndu að kvikuhólfíð undir vötnunum var komið í svipaða stöðu og fyrir síðasta gos. Þá hafði jarðskjálftavirkni heldur aukist misserin á undan. Gosmökkurinn reis í 15-20 km hæð og myndaði kúf sem þakti stærstan hluta jökulsins fyrsta sólarhringinn. Gjóska barst einkum til suðurs og suðvesturs og dimmt var sem á nóttu í sveitum sunnan jökulsins í meira en sólarhring. Gosinu lauk að morgni 28. maí og stóð það því í tæpa 7 daga.

Gosstöðvarnar voru á sama stað og 2004, í suðvesturhorni Grímsvatna. Þar myndaðist um 1,5 km langur og allt að 150 m djúpur sigketill. Vatnsborð Grímsvatna var mjög lágt og það breyttist ekki að ráði í gosinu. Ísbráðnun varð einnig tiltölulega lítil því jökullinn hafði ekki enn náð að skriða að ráði niður í ketillinn frá 2004. Af þessum sökum varð ekki hlaup samhliða gosinu. Gosefni eru basísk og efnasamsetningin dæmigerð fyrir Grímsvötn. Vegna hagstæðra vindátta, fór mjög lítið af gjóskunni í átt til Evrópu. Fyrir vikið varð truflun á flugi mun minni en í Eyjafjallajökulsgosinu árið áður. Þegar kom fram á sumarið var suðvesturhluti Vatnajökuls svartur af gjósku og ærið tröllslegt um að litast í Grímsvötnum. Í erindinu verða sýndar myndir af gosinu, úr vorferð JÖRFÍ í lok maí og úr mælingaferð sem farin var í lok júlí.

Magnús Tumi Guðmundsson

## ÁRSHÁTIÐ JÖRFÍ 2011

Árshátið Jöklarannsóknafélagsins verður haldin laugardaginn 5. nóvember næstkomandi. Fordrykkur er í boði Garmin búðarinnar, Ögurhvarfi 2 í Kópavogi, og hefst hann kl. 18:00. Þaðan munu síðan rútur flytja árshátíðargesti til borðhalds og dansiballs á veislustaðnum. Drykkir eru á ábyrgð hvers og eins.

Miðaverð er kr. 5.500,- og er æskilegt er að kaupa miða fyrir 1. nóv. Miðasala verður hjá Ástvaldi Guðmundssyni á rakarastofunni á Dalbraut (s: 568-6312), Finni Pálssyni í Öskju (s: 525-4936), Hálfáni Ágústssyni á Veðurstofu Íslands / Orkugarði (s: 865-9551) og Grétari Má Þorvaldssyni í Málmsteypunni Hellu hf, Kaplahrauni 5 í Hafnarfirði (s: 898-5988). Einnig er hægt að hafa samband við skemmtinefndarfólk; Eiríkur s: 847-7084, Hlín s: 849-6198, Snævarr s: 897-7976, Sjöfn s: 659-4936 og Sveinbjörn s: 847-7328.

## GJÖRFÍ

Gönguhópur Jöklarannsóknafélagsins hefur aftur göngu(r) sínar að hausti. Gönguferðirnar eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern þriðjudag kl. 17:30. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson, Jósef Hólmjárn og Þóra Karlsdóttir. Dagskrá haustsins er hér að neðan. Munið ennisljósin!

<u>Dags.</u>	<u>Áfangastaður</u>	<u>Brottför</u>
18. okt.	Heiðmörk	Stóra bílastæðið rétt áður en komið er að norska bústaðnum. Haustfundur kl. 20.
<b>22. okt.</b>	Fjallanga í Þrengslum	Shell á Vesturlandsvegi, á <b>laugardegi kl. 10.</b> Kaffisopi í Litlu kaffistofunni á heimleið.
1. nóv.	Ellíðaárdalur	Rafveituheimilið.
15. nóv.	Öskjuhlíð	Perlan.
29. nóv.	Grafarvogur	Eiðsgrandi við Geldinganes.
13. des.	Nágrenni Álafosskvosar	Álafosskvosin. Kíkt verður á kaffihúsið.

## VORFERÐ JÖRFÍ 29. MAÍ – 2. JÚNÍ 2011

Undirbúningur vorferðar var kominn á lokastig seinni hluta maí mánaðar. Áætluð voru mörg verkefni og útlitið var gott. En skjótt skipast veður í lofti. Að kvöldi laugardagsins 21. maí, tæpri viku fyrir áætlaða vorferð hófst eldgos í Grímsvötnum. Gosið var miklu stærra en þau sem komið hafa undanfarna áratugi og gjóskufall og útbreiðsla að sama skapi meiri. Þó svo að flest benti til að húsin á Eystri Svíahnjúk hefðu sloppið við mesta gjóskufallið fyrstu dagana, þótti horfa heldur þunglega með fjölmenna Vatnajökulsferð á næstunni og henni því frestað. En þegar kom fram í vikuna dró mjög úr gosinu. Því var afráðið að skipuleggja minni og fámennari ferð og freista þess að leggja af stað jafnskjótt og gosi lyki.

Þessar áætlanir gengu upp, því sunnudaginn 29. maí, degi eftir að eldurinn slokknaði, lagði 19 manna hópur af stað í Jökulheima. Vegna gossins var hætt við sum verkefni en önnur tekin upp í staðinn. Aðalverkefnið var að rannsaka ummerki um gosið.



Aska barin úr dýnum í Jökulheimum.


Fyrsta daginn ókum við í Jökulheima. Fyrir innan Búrfell voru fjöll öll grákrímótt af gjósku og í Jökulheimum voru á stöku stað litlir gjóskuskafnar, en mikill vindur af norðaustri hafði verið daginn áður. Þar var askan þrífín úr húsunum og kom í góðar þarfir ryksuga sem tekin hafði verið með í því augnamiði. Sama þurfti að gera á Grímsfjalli. Þó var minni aska þar innandyra enda húsin mun þéttari.

Mánudaginn 30. maí héldum við um Tungnaárjökul í góðu færi til Grímsvatna. Auk þess var GPS tækjum komið fyrir á Pálsfjalli og á Hamrinum og gjóskuþykktir mældar víðsvegar um suðvesturhluta jökulsins. Einnig var hægt að fara fram á brúnir austan gíganna og skoða verksummerki í góðu skyggni. Gosgjáin er yfir 1,5 km á lengd og 800 m á breidd. Miklar sprungur mynduðust umhverfis gjána en þykk gjóska huldi þær alveg sunnan megin, þar sem þykktin næst gígnum skiptir tugum metra.

Langstærsta verkefnið var að kortleggja þykkt gjóskunnar. Tveir til þrjú hópar voru að staðaldri úti að mæla þykktir og taka sýni og náðust mælingar á um 100 stöðum víðsvegar um vestanverðan Vatnajökul.



**Gjóskubunkar suðvestan gígsins.**



**Við gjóskumælingar norðan gígs.**

Einnig var vitjað um flesta GPS landmælingapunkta á vestanverðum Vatnajökli og mælingar gerðar til að kanna jarðskorpuhreyfingar samfara gosinu. Lokið var við afkomumælingar og veðurstöð sett upp á Bárðarbungu. Einnig var hugað að tækjabúnaði á Grímsfjalli og nýjum jarðskjálftamæli komið fyrir á skerinu Vetti í Skeiðarárjökli auk þess sem fleiri verkefni voru unnin. Veður var yfirleitt gott meðan á ferðinni stóð. Þó gerði suðaustan hríð á þriðjudagskvöldinu 31. maí, en veðrið gekk niður morguninn eftir svo frátafir urðu litlar.

Vegna gjóskunnar voru engin beltatæki með í för og fararskjótnarnir sex bílar. Færi var gott á jöklinum enda var fremur kalt í veðri, svo að allur efri hluti hans var hvítur yfir að líta, en hvarvetna var svört gjóskan undir.

Í hópnum voru 19 manns. Þátttakendur voru, auk sjálfboðaliða JÖRFÍ, fólk frá Jarðvísindastofnun Háskólans, Landvirkjun, Veðurstofunni, Cambridge háskóla og Norsku Lofthjúpsrannsóknastofnuinni (NILU). Vegagerðin styrkti ferðina með framlagi til kaupa á eldsneyti og upp í





**Á heimleið efst á Tungnaárjökli – gjóskan var rennislétt og þétt.**

annan flutningskostnað. Fjögurra manna hópur á tveimur bílum fylgdi okkur upp þann 30. maí en snéri til baka í Jökulheima samdægurs.

Magnús Tumi Guðmundsson

## **ÖSKUFJÚK VEGNA GRÍMSVATNAGOSS 2011**

Strax að loknu Grímsvatnagosi komu kalt vor og snjóhula á jökli í veg fyrir mesta öskufjúkið frá nágrenni gosstöðvanna. Öskufok frá öræfunum til suðurs og vesturs frá gosstöðvunum var mikið í allt sumar en fjúkið ágerðist eftir því sem snjóhula á jökli minnkaði. Fjúkið var á stundum afar mikið, t.a.m. 9.-13. sept. er ösku sem m.a. átti uppruna sinn af jökli gætti víða um vestanvert landið. Snemma hausts tók snjóhula á ný fyrir öskufjúk af jökli.

Hálf dán Ágústsson



**MODIS-mynd frá NASA sem sýnir hluta Suðurlands og Vatnajökuls.**

## SKEMMTINEFND JÖRFÍ

Nefndin var skipuð á stjórnarfundum JÖRFÍ í haust. Nefndina skipa: Hlín Finnsdóttir formaður, Eiríkur Lárusson, Snævarr Guðmundsson, Sjöfn Sigsteinsdóttir, Sveinbjörn Steinþórsson og Sigurborg Helgadóttir.

## SKÁLASMÍÐAR Í JÖKULHEIMUM

Að loknu kaffihléi á haustfundi mun Guðbjörn Þórðarson segja frá skálasmíðum í Jökulheimum í máli og myndum. Margar stundir hafa farið í að stækka og laga húsin í Jökulheimum og hafa fjölmargir komið að verkinu.



**Viðbyggingin í Jökulheimum.**





**Nokkrar myndir úr smíðavinnu í Jökulheimum.**

**Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálf dán Ágústsson**